



## **Þróunarleikurinn.**

*Yngstu krakkarnir hafa mikið gaman af þessum leik. Sennilega vegna þess að enn og aftur eru það hænur sem eru í aðalhlutverki.*

### Yfirlit:

Leikurinn er einföld útfærsla á Skæri, blað, steinn – leiknum.

### Hvað þarftu:

8-15 þátttakendur, úti eða inni.

### Hvað á að gera:

Eins og allir vita þá er lífssaga hænsfugla skemmtileg. Fyrst eru þær egg, síðan kjúklingur og svo hæna og að lokum súperhæna.

Allir byrja sem egg. Til að þróast áfram þarf að hitta annað egg og fara leikinn “Skæri, blað, steinn” sá sem vinnur þann leik þróast. Kjúklingar leita að kjúklingum til að þróast, hænur að hænum.

Að lokum eiga að vera eftir eitt egg, einn kjúklingur, ein hæna og afgangurinn er ofurhænur eða máltíð á KFC (stjórnandi ræður því).